
## Fólk



### Nýr formaður Hjartaverndar

**Magnús Karl Pétursson,** 55 ára hjartalæknir, tók við störfum sem formaður Hjartaverndar í mars. *Sigurður Samúelsson,* prófessor gaf ekki kost á sér, en hann var formaður þessara ágætu samtaka um 25 ára skeið, allt frá stofnun Hjartaverndar. Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar gerði nýi formaðurinn það að tillögu sinni að dr. Sigurður yrði gerður heiðursforseti Hjartaverndar og var það samþykkt einróma. Magnús Karl er kvæntur *Ingibjörgu Pétursdóttur,* hjúkrunarfræðingi og eiga þau fimm börn.

### Rótarar sæmdir orðum í Súlnasal

Starfsstétt rótara þótti löngum sitja í skugga hljómsveita sinna, lítt þekktir og sumir sögðu lítils virtir. Á sunnudaginn verður breyting til bóta á Hótel Sögu. Þá mun fara fram *Rótaradagurinn 1990,* og verður dagskrá helguð þessum „máttarstólpum íslenskrar tónlistar í poppheimi". Margt fróðlegt og skemmtilegt er á dagskrá, — t.d. keppni í að blanda drykk á 70 kílómetra hraða, og því að leggja til og veita nábjargir lífvana poppurum. *Stuðmenn* munu leika við söng rótara. — Og svo verða gamlir og góðir rótarar sæmdir orðum! Kynnir verður *Helgi Steingrímsson.*



### Hætti í hjúkrun og lærði myndlist

*Nína Gautadóttir,* 44 ára myndlistarkona opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum á laugardaginn. Nína er menntuð sem hjúkrunarfræðingur, og útskrifaðist 1969. Árið síðar hélt hún til Parísar og hóf nám við Listaháskóla Parísarborgar. Þaðan lauk hún prófi 1976. Nína dvaldi í nokkur ár í Níger og í Kamerún, því heimsfræga knattspyrnulandi. Í dag býr hún og starfar í París.

# Skuldafortíð STÖÐVAR 2 gleymdist í ákafanum

**„Eru þetta góðir bissnessmenn?" spyr fólk sig í framhaldi af öllum þeim fréttum, sem berast stöðugt af málefnum Stöðvar 2. Það er ekki að undra að svo sé spurt. Í ljós kemur að hópnum sem ætlaði að bjarga fyrirtækinu í byrjun ársins, hefur missést um ýmsa hluti, — stóra hluti. Sannarlega vekur það furðu fólks hvernig á hlutunum hefur verið haldið.**

EFTIR GUÐRÚNU KRISTJÁNSDÓTTUR



Alvarleg krísa er nú kominn upp milli Eignarhaldsfélags Verslunarbankans og Stöðvar 2 vegna þeirra upplýsinga sem lágu fyrir um fjárhagstöðu Stöðvar 2 er núverandi meirihluti tók við stjórn fyrirtækisins. Um ármótin var sagt að eignarstaða Íslenska sjónvarpsfélagsins og Íslenska myndversins hafi verið neikvæð um 500 milljónir. Hins vegar hefur komið fram í framlögðum endurskoðuðum ársreikningum ársins 1989 að eignarstaðan var neikvæð um 671 sem þýðir að staðan er lakari um 171 milljón króna en viðsemjendur Stöðvar 2 manna gáfu í skyn. Einnig var gefið í skyn að rekstur fyrirtækisins væri á núlli en tapið reyndist hins vegar 155 milljónir króna.

Ljóst er einnig að þrír hluthafar, þeir Jón Óttar Ragnarsson, Hans Kristján Árnasson og Ólafur H. Jónsson, skulda samtals 24 milljónir í þremur skuldabréfum. Þessi bréf eru til 15 ára. Bréf þessi eru nær einskins virði þar sem þau er bæði óveðtryggð og óverðtryggð og bera 5% ársávöxtun. Fyrsta afborgunin af láninu er 1994.

Þá hefur verið lagt fram að hálfu endurskoðenda Íslenska myndversins að kostnaðarverð fasteignar sem Íslenska myndverið festi kaup á á árinu var langt umfram markaðsverð. Stöð 2 hefur krafið Eignarhaldsfélagið um skýringar á þessu misræmi. Ennfremur liggur ljóst fyrir að slitnað hefur endalega upp úr samstarfi Stöðvar 2 og Sýnar.

### Myndverið gleymdist

Helgi V. Jónsson endurskoðandi var spurður um það hvernig á því gæti staðið að Myndverið hefði ekki verið með í myndinni þegar reikningarnir um áramót voru lagðir fram?

„Ég held að hér gæti misskilnings. Þegar þessar umræður fóru fram milli fulltrúa Eignarhaldsfélagins og þessara nýju hluthafa í janúarbyrjun þá lá ekkert fyrir um afkomu Íslenska myndversins."

Helgi sagðist sjálfur ekki hafa tekið þátt í þeim viðræðum því viti hann ekki nákvæmlega hvað þeim fór á milli: „Ég held að það hafi alveg gleymst í þeim viðræðum að leita eftir upplýsingum um stöðu Íslenska myndversins. Það kemur síðan í ljós fljótlega upp úr áramótunum að það er verulegur halli á því fyrirtæki."

Hvernig getur slík gleymska átt sér stað í svona stórviðskiptum?

„Ég held að menn hafi ekki verið mikið að skoða fortíðina í þessum viðræðum. En þegar komið var fram í janúarmánuð lá fyrir hverjar tekjur stöðvarinnar yrðu sem, ef ég man rétt, voru hátt í 100 milljónir á mánuði. Menn hafa fyrst og fremst verið að horfa til framtíðarinnar og á þá möguleika sem þessar tekjur gefa mönnum."

### Stór fjárhæð

Var tímakreppu um að kenna?

„Það lágu ekki fyrir endanlegir tölur úr ársreikningnum á þessum tíma. Ég held að það hafi verið til óendurskoðað uppgjör frá því í september sem sýndi 40 milljón króna halla á sjónvarpsstöðinni. Ég man ekki eftir því að Myndverið hafa nokkurn tíma verið til skoðunnar. Á árinu 1989 voru gerðar áætlanir fyrir Myndverið og þeir áttu að framleiða myndir fyrir ákveðna fjárhæð á mánuði. Síðan kemur í ljós löngu seinna að þær tekjur sem áttu að vera til viðbótar voru mun minni en ráð var fyrir gert. Þess vegna kemur þessi halli. Þegar peningana vantar er þetta stór fjárhæð og í hlutfalli við heildina er það líka stórt því þetta eru 10%.

Það var ekki vitað um stöðuna en menn voru að gera sér vonir um það að þetta yrði eitthvað nálægt núllinu. Menn voru bjartsýnir í upphafi. Þessar viðræður tóku allar langan tíma. Á þessum tíma var engin breyting á rekstri fyrirtækisins. Það var gert ráð fyrir nýju hlutafé sem átti að koma mun fyrr inn og vegna þess að það kom ekki inn urðu vanskilin meiri og vaxtagjöldin miklu þyngri þar sem erlendir aðilar fóru að vaxtareikna kröfur sem þeir höfðu ekki vaxtareiknað áður."

Helgi sagði að neikvæð eiginfjárstaða fyrirtækisins myndist ekki bara við þetta tap þetta sé uppsafnað sem myndast einnig við það að verið er að færa til gjalda ýmiskonar stofnkostnað við rekstur stöðvarinnar sem var ætlast til að næðist síðar.

Er fyrirtækið nánast gjaldþrota?

„Nei, þetta eru verulegar tekjur sem stöðin hefur haft á hverjum mánuði en til þess að fá hagnað þarf kostnaðurinn að vera lægri. Þetta er spurning um stýringu á kostnaði. Það hefur reynst erfitt að ná tökum á kostnaðinum. Eins og málið lítur út hafa þeir lagt mikið upp úr innlendri dagskrárgerð sem er dýr. Það er mikill kostnaður við fyrirtækið eins og það er rekið. Það er hægt að draga úr gæðum og spara á ýmsum stöðum og mynda hagnað."

### Bestu upplýsingar sins tíma

Höskuldur Ólafsson, fyrrum bankastjóri Verslunarbankans og formaður Eignarhaldsfélags Verslunarbankans, sagði í samtali við Alþýðublaðið að þeir væru ekki búnir að fá erindið frá eigendum Stöðvar 2 í hendurnar þannig að hann vissi ekki nákvæmlega hvaða skýringar þeir frá Verslunarbankanum ættu að gefa þeim: „Kjarni málsins er sá að upplýsingar um þessa stöðu fyrirtækisins lágu fyrir í mars."

Fóru þið á bak við Stöðvarmenn?

„Nei, við höfðum ekki betri upplýsingar en við gáfum um áramótin. Það eru hreinar línur í því. Þær voru byggðar á þeim bestu upplýsingum sem við gátum fengið frá þeim mönnum sem við treystum. Þær voru bæði frá fyrirtækinu sjálfu og frá þeim mönnum sem unnu fyrir þá. Svo kemur í ljós að niðurstaðan er önnur en gert var ráð fyrir og þá settust menn niður og ræddu hvernig væri hægt að standa að þessu. Það voru þrjú atriði sem menn vildu taka á. Það var að sjónvarpsstjórn fyrirtækisins færi í það að hækka hlutafé til þess að rétta af þennan aukna halla. Í annan stað vorum við tilbúnir til að skrifa upp á ábyrgð að upphæð 90 milljónir króna gagnvart bankaláni og það var gert. Í þriðja lagi urðu menn sammála um það að frekari eftirmáli yrði ekki að málinu. Það er einmitt þess vegna sem mér kemur í opna skjöldu þessi málatilbúnaður núna," sagði Höskuldur Ólafsson.

### Byggðu á nútíðinni

En varðandi skuldabréf þremenninganna, vissuð þið eitthvað um það mál?

„Það bréf kom ekki í ljós fyrr en síðar þegar menn voru að fara yfir eignarstöðu fyrirtækisins. Við höfðum það ekki inni á okkar borði."

Vissuð þið eitthvað um þann mismun sem kom fram hjá Íslenska myndverinu?

„Það sem gerðist var það að Myndverið var sér-fyrirtæki og það var með sérstaka endurskoðendur og sérstakt uppgjör sem Endurskoðun var ekki aðili að. Það voru lagðar þarna fram ákveðnar grundvallarupplýsingar og aðallega var verið að byggja á rekstrshæfi fyrirtækisins sem er töluvert mikið. Þeir voru að byggja á nútíðinni og hvað þyrfti að gera til að ná valdi á þessu. Staða Myndversins kom okkur í opna skjöldu því þetta kom hvergi fram á þeim tíma sem var verið að ræða þetta um áramótin. Það átti að vera í höndum fyrri stjórnenda að hafa þessar upplýsingar."

Hver verður krafinn ábyrgðar í svona máli?

„Ég veit það ekki, það er hlutur sem ég vill ekki tjá mig um. Hins vegar hefur þessi fjárhagstaða sem við erum krafin skýringa á nú komið fram fyrir nokkuð löngu síðan."

Var það nákvæmlega sama staðan?

„Ég held að það sé ekki mikill munur á. Við bíðum átekta í þessu máli."